



Sálfræði ráðgjöf

Á þjónustu- og þekkingarmiðstöð starfar sálfræðingur og geta notendur og aðstandendur þeirra leitað til hans sér að kostnaðarlausu.

Boðið er upp á stuðningsviðtöl sem eru einstaklingsviðtöl en einnig kemur sálfræðingur að fjölskyldufundum, námskeiðum og fræðslufyrirlestrum, bæði fyrir notendur og aðstandendur.

Hvað gerir sálfræðingur?

- Metur vanda, gerir skimanir og greiningar.
- Veitir stuðning.
- Sinnir fræðslu og ráðgjöf.
- Vísar áfram í frekari úrræði ef þörf er á.

Að missa sjón getur verið áfall sem hefur jafnan bæði áhrif á einstaklinginn og aðstandendur. Notendur og aðstandendur leita til sálfræðings af ýmis konar ástæðum, meðal annars vegna:

- Depurðar
- Kvíða
- Áfalla og missis
- Sorgar
- Veikinda
- Félagslegrar einangrunar
- Svefnerfiðleika

Notuð er samtalsmeðferð sem byggir einkum á hugrænni atferlismeðferð þar sem sálfræðingur og notandi vinna saman að því að finna leiðir og lausnir á vanda viðkomandi. Ef þörf er á getur sálfræðingurinn vísað notendum áfram í frekari úrræði.

Hvernig er leitað til sálfræðings?

Notendur Miðstöðvarinnar og aðstandendur þeirra geta pantað tíma eða haft samband við sálfræðing Miðstöðvarinnar í síma 545-5800.

Hafið samband við okkur

Starfsfólk Miðstöðvarinnar er ávallt reiðubúið að svara spurningum og fyrirspurnum. Við hvetjum alla til að hafa samband við okkur ef einhverjar spurningar vakna um málefni blindra, sjónskertra og daufblindra og þjónustu og ráðgjöf við notendur, aðstandendur og/eða fagfólk.

Hvar erum við?

Þjónustu- og þekkingarmiðstöðin er á 5. hæð í Hamrahlíð 17 í Reykjavík.

Hvenær er opið?

Miðstöðin er opin alla virka daga frá kl. 9 til 16.

Tímappantanir í síma 545 5800

Hjá ráðgjöfum, augnlækni og sjónfræðingum.

Nánari upplýsingar á www.midstod.is

Nánari upplýsingar má einnig fá á heimasíðu Miðstöðvarinnar, www.midstod.is



**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir
blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga**

Hamrahlíð 17 | 105 Rey | S. 545 5800 | midstod@midstod.is